Messur

Guðsþjónustur í Reykjavíkurprófastsdæmi sunnudaginn 16. nóv. 1986.

Árbæjarprestakall
Barnasamkoma í Foldaskóla í Grafarvogshverfi laugardaginn 15. nóv. kl. 11. árdegis. **Sunnudagur**: Barnasamkoma í safnaðarheimili Árbæjarsóknar kl. 10.30 árdegis. Guðsþjónusta í safnaðarheimilinu kl. 14.00. Organleikari Jón Mýrdal. Öllu eldra fólki í söfnuðinum er sérstaklega boðið til guðsþjónustunnar. Samvera með dagskrá og kaffiveitingar á vegum Kvenfélags Árbæjarsóknar eftir messu. Meðal dagskráratriða: Frú Margrét S. Einarsdóttir forstöðumaður flytur ræðu og Guðmundur Jónsson óperusöngvari syngur einsöng. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

Áskirkja
Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson.

Bústaðakirkja
Barnasamkoma kl. 11. Elín Anna Antonsdóttir og Guðrún Ebba Ólafsdóttir. Messa kl. 14. Organisti Kjartan Sigurjónsson. Bræðrafélagsfundur mánudagskvöld. Æskulýðsfélagsfundur þriðjudagskvöld. Félagsstarf aldraðra verður laugardaginn 15. nóv. og verður Nessöfnuður heimsóttur. Félagsstarf aldraðra miðvikudaginn 19. nóv. verður í Bústöðum. Sr. Ólafur Skúlason.

Digranesprestakall
Barnasamkoma í safnaðarheimilinu við Bjarnhólastíg kl. 11. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 14. Sr. Þorbergur Kristjánsson.

Dómkirkjan
Laugardagur 15. nóv.: Barnasamkoma í kirkjunni kl. 10.30. Egill og Ólafía. **Sunnudagur** 16. nóv.: Messa kl. 11.00. Sr. Hjalti Guðmundsson. Messa kl. 14.00. Fermingarbörn flytja bænir og ritningartexta. Sr. Þórir Stephensen. Dómkórinn syngur við báðar messurnar. Organisti Marteinn H. Friðriksson.

Elliheimilið Grund
Guðsþjónusta kl. 14.00. Gunnar Matthíasson guðfræðingur prédikar. Félag fyrrverandi sóknarpresta.

Fella- og Hólakirkja
Laugardagur: Barnasamkoma í Hólabrekkuskóla kl. 14. **Sunnudagur:** Barnaguðsþjónusta – Kirkjuskóli kl. 11. Ragnheiður Sverrisdóttir. Guðsþjónusta kl. 14. Organleikari Guðný Margrét Magnúsdóttir. Fundur í æskulýðsfélaginu mánudag 17. nóv. kl. 20.30. Sr. Hreinn Hjartarson.

Fríkirkjan í Reykjavík
Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjallið í myndum. Barnasálmar og smábarnasöngvar. Afmælisbörn boðin sérstaklega velkomin. Sr. Gunnar Björnsson.

Grensáskirkja
Barnasamkoma kl. 11.00. Messa kl. 14.00. Organleikari Árni Arinbjarnarson. Kvöldmessa kl. 20.30, altarisganga. Þorvaldur Halldórsson stjórnar söng. UFMH tekur þátt í messunni. Kaffisopi á eftir. Sr. Halldór S. Gröndal.

Hallgrímskirkja
Messa kl. 11.00. Sr. Karl Sigurbjörnsson. Barnasamkoma er á sama tíma í safnaðarheimilinu. Messa kl. 17.00, altarisganga. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson. **Þriðjudagur 18. nóv.:** Fyrirbænaguðsþjónusta kl. 10.30. Beðið fyrir sjúkum.

Landspítalinn
Messa kl. 10. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson.

Háteigskirkja
Messa kl. 10. Barnaguðsþjónusta kl. 11.00. Sr. Arngrímur Jónsson. Messa kl. 14.00. Sr. Tómas Sveinsson.

Kársnesprestakall
Fjölskylduguðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 11 árdegis. Nemendur úr Tónlistarskóla Kópavogs leika á flautur. Fundur foreldra fermingarbarna í safnaðarheimilinu Borgum miðvikudagskvöld 19. nóv. kl. 20.30. Sr. Árni Pálsson.

Langholtskirkja
Kirkja Guðbrands biskups. Óskastund barnanna kl. 11.00. Söngur – sögur – myndir. Þórhallur Heimisson og Jón Stefánsson sjá um stundina. Guðsþjónusta kl. 14.00. Prestur séra Sigurður Haukur Guðjónsson. Orgelleikari Jón Stefánsson. Enn eru fermingarbörn og foreldrar þeirra hvattir til þess að mæta. Söknarnefndin.

Laugarneskirkja
Laugardagur 15. nóv.: Biblíulestur í umsjá dr. theol Sigurðar Steingrímssonar kl. 11 í safnaðarheimilinu. Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11. Barnakórinn og kirkjukór syngja. **Mánudagur** 17. nóv.: Æskulýðsstarf kl. 18. **Þriðjudagur:** Bænaguðsþjónusta kl. 18.00. Beðið fyrir sjúkum. Altarisganga. Orgelleikur frá kl. 17.50. Söknarprestur.

Neskirkja
Laugardagur: Samverustund aldraðra kl. 15–17. Jafnaldrar úr Bústaðasókn koma í heimsókn. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson. **Sunnudagur:** Barnasamkoma kl. 10. Munið kirkjubílinn. Sr. Frank M. Halldórsson. Guðsþjónusta kl. 14. Orgel- og kórstjórn Reynir Jónasson. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson. **Mánudagur:** Æskulýðsstarf kl. 20.00 í umsjá Aðalsteins Thorarensen. **Þriðjudagur og fimmtudagur:** Opið hús fyrir aldraða kl. 13–17. **Miðvikudagur:** Fyrirbænamessa kl. 18.20. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson. **Fimmtudagur:** Biblíulestur kl. 20.00. Sr. Frank M. Halldórsson.

Seljasókn
Barnaguðsþjónusta í Seljaskólanum kl. 10.30. Barnaguðsþjónusta í Ölduselsskóla kl. 10.30. Guðsþjónusta í Ölduselsskólanum kl. 14.00. Þriðjudagur 18. nóv.: Fundur í æskulýðsfélaginu Sela kl. 20.00 í Tindaseli 3. Söknarprestur.

Seltjarnarneskirkja
Laugardagur 15. nóv.: Laufabrauðsskurður í Mýrarhúsaskóla milli kl. 13 og 17. **Sunnudagur:** Barnaguðsþjónusta kl. 11. Eirný og Solveig Lára tala við börnin og stjórna söng. Guðsþjónusta kl. 14. Orgelleikari Sighvatur Jónasson. Prestur sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir. Kaffisopi eftir messu. **Mánudagskvöldið kl. 20.30: Opið hús fyrir unglingana. Söknarprestur.**

Ráðstefna um óperuflutning

Óperudeild Félags íslenskra leikara heldur ráðstefnu um helgina í Norræna húsinu undir yfirskriftinni „Óperuflutningur á Íslandi í nútíð og framtíð". Byrjar hún á morgun kl. 10.30 með framsöguerindum Þuríðar Pálsdóttur, Garðars Cortes, Gísla Alfreðssonar, Ólafs B. Thors, Sveins Einarssonar og Júlíusar Vífils Ingvarssonar. Seinni hluta laugardagsins verður ráðstefnugestum skipt í starfshópa. Meðal efna sem fjallað verður um eru: Þjóðleikhúsið, Íslenska óperan, Tónlistarhúsið, staða óperusöngvara í íslensku þjóðfélagi, Sinfóníuhljómsveit Íslands, nám óperusöngvara o.fl. Á sunnudaginn verður ráðstefnan öllum opin og hefst hún kl. 13.00 með ávarpi Sverris Hermannssonar menntamálaráðherra.

Mataruppákoma


Nýlega lauk Krákan matarheimsreisu sinni og næstu helgar kynnir hún ferðasöguna í formi mataruppákoma. Þessi helgi hefst í Mexíkó. Þjóðarréttur þeirra er tortilla og verður hann kynntur með tilheyrandi meðlæti og veigum. Helgina þar á eftir pírir Krákan augun en meira um það kemur í ljós seinna.

Þess má einnig geta að Krákan hreifst mikið af enskum krármat og býður hún nú upp á þennan fljótafgreidda og létta hádegismat með frönsku ívafi.

Morgunn við Ræningjaflöt

Á morgun kl. 14.00 verður opnuð sýning á málverkum Ágústs Petersen í Listasafni ASÍ að Grensásvegi 16. Þá verður afhent málverkið Morgunn við Ræningjaflöt sem listamaðurinn hefur ákveðið að færa safninu að gjöf.

Á sýningunni verða 64 málverk og verður sýningin opin alla daga til 7. desember. Opið verður virka daga kl. 16.00–20.00 og um helgar frá 14.00–22.00. Kaffiveitingar eru um helgar.



Sigurður notar mikið blandaða tækni.

Sigurður sýnir 15 verk


Á morgun mun Sigurður Örlygsson opna sýningu á 15 verkum í vestursal Kjarvalsstaða. Verkin eru stór, unnin með blandaðri tækni og ná hálfa leiðina í skúlptúr.

Sigurður lærði í Myndlista- og handíðaskólanum frá 1967–71, Akademíunni í Kaupmannahöfn 1971–72 og Art student league of New York á árunum 1974–75. Þessi sýning er 10. einkasýning Sigurðar í Reykjavík en hann hefur sýnt á fjölda samsýninga úti á landi og erlendis.

Verk unnin úr járni og tré

Helgi Gíslason mun opna sýningu í vesturforsal Kjarvalsstaða á morgun. Þar mun hann sýna 13 verk úr samblandi af járni og tré sem öll eru unnin á þessu ári er hann dvaldist á gestavinnustofu Norrænu myndlistarmiðstöðvarinnar á Sveaborg í Finnlandi.

Helgi stundaði nám í Myndlista- og handíðaskólanum frá 1965–70 og í Valandsakademíunni í Gautaborg frá 1971–76. Hann hefur haldið 4 einkasýningar í Reykjavík og nokkrar samsýningar bæði erlendis, mikið í Þýskalandi, og úti á landi.



Aðaluppistaðan í verkum Helga er járn og tré.

York Winds- kvintett frá

Laugardaginn 15. nóv kl. 14.30 mun kvintettinn lagsins í Austurbæjarbíói. Á efnisskrá eru verk Carter og Taffanel.

York Winds hefur fyrir löngu unnið sér alþjóðle blásarakvintett heims. Hann hefur haldið fjölda og Mið-Austurlöndum og verið gestur á tónlistarhá hingað á leið sinni úr tónleikaferð um Evrópu.

Miðar á tónleikana fást í Bókabúð Lárusar Blön



Helgi Björnsson leikur köttinn í uppfærslu Alþýðu

Kötturinn sem fer sín

Á sunnudaginn kl. 15.00 sýnir Alþýðuleikhúsið H Bæjarbíói í Hafnarfirði. Söngleikurinn er eftir Ól sögu eftir R. Kipling. Ólafur samdi lög, ljóð og tex María Sigurðardóttir, Barði Guðmundsson, Marg mundsson, Erla B. Skúladóttir og Bjarni Yngvas Valbergsdóttur. Leikmynd og búninga hannaði Ge og Gunnar Þórðarson útsetningu laga.

Tilkynningar



Síðustu sýningar á IL Trovatore

Síðustu sýningar Íslensku óperunnar á IL Trovatore eftir Verdi verða á laugardags- og sunnudagskvöld kl. 20. Verða þá sýningarnar alls orðnar 30 en aukasýningar þá orðnar 5 vegna mikillar aðsóknar. Verður sunnudagssýningin send beint út í sjónvarpi og á Rás 2, vonandi landsmönnum öllum til mikillar ánægju.

Kvenfélag Hreyfils

heldur basar og flóamarkað sunnudaginn 16. nóvember kl. 14 í Hreyfilshúsinu. Selt verður kaffi og kökur.

Kór Breiðholtskirkju með hlutaveltu

Sunnudaginn 16. nóvember nk. heldur kór Breiðholtskirkju hlutaveltu og kaffisölu í húsi KFUM og K við Maríubakka. Hlutaveltan hefst kl. 15 stundvíslega og eru allir velunnarar kirkjunnar hvattir til að mæta.

Golfskóli Þorvalds

Golfskóli Þorvalds Ásgeirssonar tekur aftur til starfa á morgun, 15. nóvember. Kennslan, sem er bæði fyrir byrjendur og lengra komna í íþróttinni, verður í Íþróttahúsinu Ásgarði, Garðabæ, á laugardögum. Allar nánari upplýsingar um golfskólann eru gefnar í síma 34390.

Alþýðuleikhúsið

sýnir leikritið **Kötturinn sem fer sínar eigin leiðir** í Bæjarbíói á sunnudag kl. 15. Þá verður sýning á **„Hin sterkari, Sú veikari"** í kjallara Hlaðvarpans, Vesturgötu 3, á sunnudaginn kl. 21. Kolbeinn Bjarnason leikur fyrir sýningu. Upplýsingar um miðasölu í síma 15185.

Þjóðleikhúsið

Sýning á **Valborg og bekkurinn** á sunnudag kl. 16. Innifaldar í miðaverði eru kaffiveitingar sem hægt er að njóta á undan sýningu.

Uppreisn á Ísafirði, leikrit Ragnars Arnalds um uppreisnina á Ísafirði í lok síðustu aldar, er sýnt föstudag, laugardag og sunnudag kl. 20.30. Alls leika um 50 manns í sýningunni.

Leikfélag Akureyrar

Sýningar á revíuleiknum Marblettir föstudags- og laugardagskvöld kl. 20.30. Barnaleikritið **Herra hú** verður sýnt á sunnudag kl. 15. Á laugardag og sunnudag kl. 15 verður leiklesin og sungin dagskrá til heiðurs Kristjáni frá Djúpalæk í nýja Alþýðuhúsinu.

Spánarkvöld

Veitingahúsið Evrópa heldur áfram með þjóðakvöldin á sunnudagskvöldum og næsta sunnudag er það Spánarkynning – skemmtikvöld og dans. Tekið verður á móti gestum með fordrykk og land og þjóð kynnt í máli og myndum auk þess sem spiluð verður spönsk tónlist. Ari Garðar gestameistari verður með kynningu á spönskum mat. Einsöngvaraefni úr Söngskólanum í Reykjavík, Svava K. Ingólfsdóttir, syngur spönsk lög við pínóundirleik Láru Rafnsdóttur. Frumsaminn dans verður sýndur, Módelsamtökin verða með tískusýningu fyrir dömur og herra, spilað verður bingó. Stjórnandi kvöldsins og kynnir verður Hermann Ragnar Stefánsson. Forsala og borð frátekin í Evrópu sunnudaginn 16. nóv. milli kl. 15 og 17.

Kvennadeild Breiðfirðingafélagsins

heldur kökubasar í Blómavali við Sigtún laugardaginn 15. nóvember kl. 10. Ágóðinn rennur til dvalarheimilis aldraðra í Búðardal.

Útivistarferðir

Sunnudagsferð 16. nóv.
kl. 13 Helgadalur–Reykjaborg–Hafravatn. Fjölbreytt og auðveld gönguferð í Mosfellssveitinni. Reykjaborg er sérstæður og áberandi klettahöfði. Verð 400 kr. Frítt f. börn m. fullorðnum. Brottför frá Umferðarmiðstöðinni, bensínsölu.

Tunglskinsganga á mánudagskvöldið 17. nóv. kl. 20.
Gengið verður út á Hvaleyri og skoðaður Rúnasteinninn og síðan haldið með ströndinni að Straumsvík. Fjörubál. Tilvaldar ferðir fyrir unga sem aldna. Sjáumst. Munið aðventuferðina í Þórsmörk 28. nóv.

Trúðurinn Ruben kemur fram í síðasta sinn.

Trúðurinn Ruben lýkur ferðalagi sínu í Bæjarbíó í dag, föstudag, og kemur hann þar fram kl. 18. Síðustu forvöð er að sjá þennan skemmtilega listamann.